

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Fitjar, nýtt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 21. febrúar 2023 nýtt deiliskipulag fyrir Fitjar.

Deiliskipulagssvæðið er u.þ.b. 29 ha að stærð og afmarkast af lóðum við Fitjabakka og Fitjabraut til norðurs, strandlínu til austurs, Njarðarbraut til vesturs og suðurs og Víkingaheimum til suðausturs. Markmið skipulagsins er að efla lýðheilsu í nánd við náttúru, tryggja náttúruvernd og stuðla að náttúru-skoðun. Svæðið er eftirsótt útivistarsvæði og ríkt af fuglalífi. Deiliskipulagið sameinar uppbyggingu svæðis fyrir atvinnulíf og heilsuefningu bæjarbúa í samræmi við kröfur um náttúruvernd.

Við gildistöku nýs deiliskipulags Fitja fellur úr gildi deiliskipulag Norður–Fitja staðfest 20. janúar 2008.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Reykjanesbæ, 27. mars 2023.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 13. apríl 2023